

Bætist í veggjalist á Hellissandi

Vegglistaverk hafa verið áberandi á byggingum á Hellissandi undanfarin ár og hafa nú fleiri listaverk bæst í flórana. Nýjustu listaverkin prýða vegginn hjá Hraðbúðinni og á Útgerðinni. Esteban Loeschbor er listamaðurinn sem gerði vegglistina á báðum stöðum. Á Útgerðinni er verk sem sýnir konur vera að verka saltfisk nálægt Viðvík en fyrirmyndin er ljósmynd sem tekin var snemma á síðustu öld á Hellissandi. Á Hraðbúðina gerði Esteban mynd af „Lóusjoppu“ en það var verslun og bensínstöð sem var í Keflavíkurgötu. Esteban hefur gert fleiri vegglistaverk á Hellissandi en hann nýtti dvölinna einnig í að laga þau verk sem voru farin að veðrast.

JJ



Upplýsingamiðstöð flytur



Upplýsingamiðstöðin í Snæfellsbæ hefur undanfarin ár verið staðsett í Áttthagastofunni í Ólafsvík. Í byrjun ágúst urðu breytingar þar á en þá var þjónustan færð yfir í Pakkhúsið. Starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar er opin frá 10:00-14:00 á virkum dögum. Þar sem starfsmaður sem veitir ráðgjöf fyrir ferðamenn, dreifir bæklingum og gefur upplýsingar um hvað sé í boði á svæðinu. Í Pakkhúsinu er góð aðstaða fyrir ferðamenn

til þess að setjast niður og skipuleggja ferð sína um Snæfellsnes. Gestum er einnig boðið upp á að skoða safnið sem er á efri hæð hússins endurgjaldslaust. Bæjarbúar hafa margir kallað eftir því að einhverskonar starfsemi sé í Pakkhúsinu enda mikil menningarverðmæti á Byggðasafninu sem gaman er að hafa aðgengileg. Pakkhúsið er elsta hús Ólafsvíkur en það var byggt árið 1844.

JJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Nýtt flokkunarkerfi innleitt

Innleiðing á nýju flokkunarkerfi í Snæfellsbæ hófst í þessari viku. Ný lög krefjast þess að flokka skuli úrgang í a.m.k. sjö flokka en við heimili verður safnað plasti, pappír og pappa, lífrænum úrgangi og blönduðum úrgangi. Ein ný tunna mun berast hverju heimili í vikunni en dreifing hefst á Hellissandi og Rífi, því næst í Ólafsvík og að lokum í dreifbýlinu. Þriðja tunnan verður með

lausu hólfi þar sem íbúar munu safna matarleifum. Núverandi tunnur verða endurmerktar og verður græna tunnan bara fyrir pappír og gráa tunnan verður fyrir plast. Öll heimili fá plastkórfa og eitt búnt af bréfpokum fyrir matarleifar endurgjaldslaut. Í Snæfellsbæ verða flestar verslanir með pokana til sölu. Grenndarstöðvar fyrir málm og gler verða við Mettubúð í Ólafsvík, N1 á

Hellissandi, við spennistöðina á Rífi en á Arnarstapa og Hellnum verða grenndarstöðvar á sömu stöðum og þær eru í dag. Nánari

upplýsingar um framkvæmd innleiðingarinnar má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar www.snb.is

JJ

Víkingar í öðru sæti þegar sex leikir eru eftir



Fótboltasumarið hjá Víkingum hefur verið stórgott og mikill spenna farin að myndast hjá leikmönnum, þjálfurum og stuðningsmönnum fyrir síðari hluta mótsins. Liðið situr í 2. sæti 2. deildar í Íslandsmóti KSÍ eftir 16 leiki ásamt Völsungum með 29 stig og KFA fylgir þar fast á eftir með 28 stig. Það sem af er mótinu hafa Víkingar unnið átta leiki, gert fimm jafntefli og aðeins tapað þremur leikjum. Töpuðu þeir gegn Völsungi, Þrótti Vogum og Selfossi, sem trónir á toppnum með 35 stig. Nú

eru einungis sex leikir eftir af mótinu og liðin í fjórum næstu sætunum í deildinni anda ofan í háls málið á Víkingum. Þessir síðustu leikir munu því skipta sköpum í toppbaráttunni og úrslit þeirra segja til um hvort Víkingar nái að spila í Lengjudeildina næsta sumar. Næsti leikur Víkings er gegn KF á Ólafsfjarðarvelli næsta laugardag.

Meðfylgjandi mynd tók Kristinn Steinn Traustason á leik Víkings við Árbæinga fyrir í sumar.

SJ



Tæknideildin Snæfellsbæjar eflist



Tæknideild Snæfellsbæjar hefur bætt við sig tveimur starfsmönnum en það eru þeir Ragnar Már Ragnarsson og Smári Jónas Lúðvíksson. Ragnar Már er byggingarfulltrúi og þekkir vel til hjá Snæfellsbæ en hann starfaði hjá bænum frá árinu 2021 til 31. mars 2024. Hann hefur nú snúið aftur til starfa hjá sveitarfélaginu og verður með fasta viðveru á skrifstofu Snæfellsbæjar á

þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Smári Jónas hóf störf 1. júní síðastliðinn en hann er með B.s. gráðu í umhverfisskipulagi og skróðgarðyrkjufræði frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Smári er fæddur og uppalinn á Rífi og kemur til starfa hjá Snæfellsbæ með umfangsmikla reynslu af umhverfismálum á grunni sveitarfélaga.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Snæfellsnes

Takk fyrir vel unnin störf



Við kveðjum **Kiddu** og **Jóa**
eftir áralanga þjónustu
við viðskiptavini og íbúa
á Snæfellsnesi.

Kærar þakkir fyrir árin
sem þið hafið gefið Sjóvá.

Fjöldi þátttakenda frá HSH á Unglingalandsmóti

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið helgina 1.-4. ágúst í Borgarnesi. Mótið er alltaf jafn vinsælt og voru rúmlega 900 ungmenni skráð til leiks í hinum ýmsu keppnisgreinum. Tæplega 50 þátttakendur kepptu undir merkjum HSH á mótinu í ár en það er töluverð fjölgun frá því í fyrra og frábær þróun. Mótið gekk vel fyrir sig og var góð stemning meðal keppenda þrátt fyrir mikla bleytu. Umgjörð mótsins var með besta móti og voru ungmennin glöð og stolt af sér eftir helgina. Keppendur náðu á verðlaunapall í mörgum greinum en mikilvægast af öllu var að allir skemmtu sér vel. Almenn ánægja var með mótið meðal keppenda sem stóðu sig mjög vel og voru sjálfum sér og öðrum til sóma. HSH vill þakka foreldrum og forráðamönnum fyrir gott mót en sérstakar þakki fær Ingibjörg Eyrún, formaður



UMF Grundarfjarðar en hún tók að sér verkefnastjórnun HSH á mótinu. Á næsta ári verður mótið haldið á Egilsstöðum og eru vonir bundnar við að fjölga þátttakendum HSH enn frekar á því móti.

JJ

Breytingar

Eins og fram kemur á öðrum stað í þessu tölublaði Jökuls þá hafa orðið þær breytingar að samstarfi Steinprents og Sjóva er hætt. Sjóva mun reka eigin skrifstofu eða útibú á Snæfellsnesi með sinn starfsmann í stað þess að vera með umboð í verk-töku eins og verið hefur fram til þessa.

Ein afleiðing þessara breytinga er að stöðugildum í Steinprent fækkar og því verður ekki lengur um eiginlegan opnunartíma skrifstofu að ræða heldur verður tekið á móti pöntunum og fyrirspurnum í gegnum síma og tölvupóst.


Langflest erindi og samskipti er varðar útgáfu Jökuls og aðra prentun hafa verið í gegnum síma, tölvupóst og samskiptaforrit undanfarin ár svo að þessar breytingar eiga ekki að koma að sök.

Samstarf Sjóva og Steinprents hófst árið 2011 þegar Sparisjóðurinn var sameinaður Landsbankanum, Kristjana var starfsmaður Sparisjóðsins og sá m.a. um málefni Sjóva þar, henni bauðst að sjá áfram um málefni tryggingafélagsins og varð úr að Prentsmiðjan Steinprent varð umboð Sjóva í Snæfellsbæ og Kristjana umboðsmaður, seinna bættist Grundarfjarður og Stykkishólmur við svo að umboðið náði yfir allt Snæfellsnes.

Nú er þessu samstarfi Sjóva og Steinprents lokið og viljum við þakka fyrir gott samstarf og samskipti í gegnum árin, bæði er varðar starfsfólk Sjóva en ekki síst viðskiptavinum.

Önnur starfsemi Steinprents helst óbreytt en rétt er að minna á síma 436 1617 og tölvupóst steinprent@simnet.is.

Kidda og Jói



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Bætt aðstaða í nýjum Mæstro



6. júlí síðastliðinn opnaði nýr Mæstro street food eftir breytingar. Í nýju aðstöðunni er mun meira vinnuþláss fyrir starfsmenn til þess að athafna sig. Föst opnun verður í matvagninum til 21. ágúst en í framhaldinu munu

eigendur auglýsa á samfélagsmiðlum helgaropnanir. Nýi Mæstro auðveldar þeim einnig að hafa opið í vetur og stefna þau því á jóla- og páskaopnun líkt og í fyrra.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Þrautreyndar rekstrarvörur! Allt á einum stað!



Salernispappír 500 blaða

Tveggja laga hvítur salernispappír með 500 blöðum á rúllu. Ein rúlla jafnast á við tvær og hálfa rúllu af hefðbundnum rúllum. Hagkvæmt og þægilegt.



Risa-WC

Salernispappír Júmbórúllur. Stórar rúllur af salernispappír fyrir skammtara, stærri og minni gerð. Umhverfisvottað með Evrópublóminu.



Miðapurkur (Z- & V- brot) og rúllur

Umhverfisvottað með Evrópublóminu.



Ecodos Skömmunarbrúsar

Ecodos hreinsiefnin eru umhverfisvottuð í brúsum úr endurunnu plasti og með innbyggðum skömmunarbúnaði, Gler- og innréttingahreinsir. Baðherbergishreinsir. Gólfþvota. Fituleysir. Tauþvottaefni.



Tauþvottaduft Voot 15kg

Öflugt þvottaduft fyrir tauþvott, hentar vel fyrir vinnufatnað, sængurfatnað, handklæði o.fl.



Eldhúsrúllur Blossom

Tveggja laga hvítar eldhúsrúllur með 88 blöðum á rúllu, 28 rúllur í sölueiningu. Umhverfisvottað með Evrópublóminu.


Sterk og endingargóð hreinlætisáhöld sem þola allt að 134°C.

Áhöldin bera vottanir Evrópusambandsins, BRCGS og FDA.

Sópar og burstar



Heilsteyptar þvörur



Fiber- og álsköft



CF snb safnar 100þús. fyrir Kraft



Laugardaginn 10. ágúst var efnt til paraefingar í CF SNB á Rífi, það er ekki óvanlegt að slík æfing sé á dagskrá á laugardegi í stöðinni en að þessu sinni var hún með öðruvísi sniði. Þennan sama dag var Pétur Steinar Jóhannsson að halda uppá útskrift sína frá Háskólanum á Akureyri en jafnframt að fagna lífinu. Pétur greindist með eitilfrumkrabbamein á 2. stigi í desember, aðeins 23 ára gamall. Eftir greininguna tóku við lyfjameðferðir og eftir mikið álag á líkama og sál síðasta hálfá árið fékk hann fréttir um að hann væri laus við krabbameinið núna í sumar. Pétur, ásamt kærustu sinni Stefaníu Bláfeld Viðarsdóttur, og fjölskyldu sinni eiga Krafti mikið að þakka og vilja geta gefið félaginu til baka. Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þeirra en það nýtur eingöngu frjálsra framlaga frá velunnurum. Þessi

áðurnefnda æfing í crossfit stöðinni á Rífi var til styrktar stuðningsfélaginu Krafti og til þess að fanga lífinu með Pétri eftir seiglu og styrk síðastliðna mánuði. Appelsínugult þema var á æfingunni en það er litur Krafts og iðkendur gátu styrkt félagið með frjálsum framlögum.

Alls söfnuðust 100.000 krónur og eru Pétur Steinar og Stefanía öllum sem lögðu málefnið lið þakklát. Segja þau ferlið í gegnum veikindin hafa breytt sýn sinni á lífið og eru þau þakklát fyrir allt það sem þau litu áður á sem sjálf-sagðan hlut. Þau eru þó hvergi nærri hætt og stefna á að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu þann 24. ágúst ásamt hópi vina og fjölskyldu. Nú þegar hefur hópurinn safnað 164.000 krónum en hægt er að heita á þau inni á www.hlaupastyrkur.is.

Meðfylgjandi mynd var tekin af hópnum eftir styrktaræfinguna 10. ágúst.

SJ

Sandara- og rífsaragleði



Sandara- og rífsaragleðin fór fram helgina 11. til 14. júlí síðastliðinn. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá alla helgina sem góð þátttaka var í á meðal bæjarbúa gesta og þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið upp á sitt besta. Íbúar settu upp lit-skrúðugar hverfaskreytingar, kepptu í hverfakeppnum og grilluðu svo saman á laugardeg-inum. Á fimmtudeginum efndi Útgerðin til fyrsta bjórhlapsins á Hellissandi þar sem um

50 keppendur hlupu og skelltu í sig bjór í leiðinni. Fjölskylduskemmtun, listasýningar, markaður, skrúðganga og heimaleikur Reynis á Hellissandsvelli voru á dagskránni yfir helgina og var helginni svo lokað með 90's balli í Röstinni með hljómsveitinni Allt í einu. Bæjarbúar og gestir tóku viljann fyrir verkið og létu rigningu og rok ekki hafa nein áhrif á helgina sem einkenndist af hlátri og gleði.

SJ



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is





Á góðri stund í Grundarfirði



Bæjarhátíðin Á góðri stund í Grundarfirði fór fram dagana 24. til 28. júlí. Fjölbreytt dagskrá var í boði í bæjarfélaginu fyrir börn og fullorðna og kepptust bæjarbúar við að fegra nærumhverfið í hverfalitunum svo bærin var skreyttur í regnbogans litum. Krakkabíó, kvöldsund, tónleikar í kirkjunni, tónleikar í Djúpakletti, golfmót, kubbmót og dorgveiðikeppni var á meðal þess sem var í boði. Reynir Hellissandi spilaði fótboltaleik á Grundarfjarðarvelli og markaður með fjölbreyttum varningi var í Samkomuhúsinu. Vegna veðursurðu smávægilegar breytingar á

dagskrá helgarinnar en dagskrá sem átti að fara fram í Þríhyrningi féll niður, hoppukastala þurfti að færa inn í íþróttahúsið, skrúðgangan féll niður og brekkusöngur sem átti að fara fram á kirkjutúninu var færður inn í Djúpaklett. Þrátt fyrir að veðrið hafi haft áhrif á dagskrá helgarinnar létu bæjarbúar og gestir ekki á sig fá og nutu saman með bros á vör. Laugardeginum var svo lokað með Verbúðarballi í Djúpakletti á höfninni í Grundarfirði með Bryndísi Ásmunds og Elítunni. Meðfylgjandi myndir tók Sverrir Karlsson af hátíðarhöldum helgarinnar.

SJ



Gengi Reynis í sumar

Lið Reynis hefur átt erfitt uppdráttar á vellinum í sumar. Reynir spilar í B riðli 5. deild karla í Íslandsmóti KSÍ og situr þar í 8. og næst síðasta sæti riðilsins. Liðið hefur spilað 14 leiki á mótinu, þar af 10 tapleiki, þrjú jafntefli og einn sigur. Útlit er fyrir að erfíðlega gangi að manna bekkinn hjá Reyni en liðið hefur verið að spila með þrjú til fjóra varamenn í síðustu leikjum. Nú síðast í leik þeirra gegn Uppsveitum sem fór fram á Flúðum spilaði liðið með einn varamann á bekknum. Tvær umferðir eru eftir af mótinu en þá munu Reyn-

ismenn heimsækja KFR á Hvals-völl þann 17. ágúst og í síðasta leik tímabilsins fá þeir Afríku í heimsókn vestur.

Meðfylgjandi mynd er tekin á fyrsta heimaleik Reynis í sumar.

SJ



Sumarverk í skógræktinni



Sumarverkin hjá Skógræktarfélagi Ólafsvíkur í Réttarskógi hafa verið fjölmörg. Gróðursett hefur verið fjórar tegundir af trjáplöntum, sitkagreni, blá-greni, íslenskt birki og svartölur. Í heildina voru settar niður 2500 plöntur vítt og dreift um skóginn sem íbætur. Þá var unnið við eyðingu lúpínunnar á svæðinu en sú vinna hefur staðið yfir síðustu 3 ár. Verkefnið gengur vel en lúpínan er ágeng og tekur eyðing hennar langan tíma svo vinna við það heldur áfram næstu sumar. Líkt og síðustu ár fékk Skógræktarfélag Ólafsvíkur til sín unga sjálfbóðaliða í sumar en þau koma til landsins á vegum Skógræktarfélags Íslands fyrir tilstilli sjálfbóðaliðaverkefni Erasmus+ áætlunarinnar í gegnum European Solidarity Corps. Árlega koma fimm sjálfbóðaliðar frá Evrópulöndum sem dvelja á landinu í fimm mánuði. Skógræktarfélag Ólafsvíkur fær hópinn hingað með styrk frá Snæfellsbæ og í sumar hefur hann unnið að uppkvistun í Réttarskógi og viðhald með göngustígum, þar á meðal að klippa tré meðfram stígum, steinaræsa og keyra kurl í stígana. Sjálfbóðaliðarnir sem unnu í Réttarskógi í ár voru þau Ferran og Joandra frá Spáni, Ilvy frá Austurríki, Júlíen frá Frakklandi og Vincenzo

frá Ítalíu. Hópurinn vann, líkt og áður, undir stjórn Narfa Hjartarsonar, skógfræðings, sem sá um að allt færi vel fram. Það sem gerði vinnu sumarsins frábrugðna vinnu síðustu ára var þó að í ár var í fyrsta sinn notað kurl úr trjánum úr Réttarskóginum sjálfum en það kurl var kurlað í fyrra sumar. Skógræktarfélag Ólafsvíkur vill koma til skila þökkum til allra þeirra sem lögðu fram hjálparhönd við vinnu í skóginum þetta árið en það voru Snæfellsbær, Skógræktarfélag Íslands, Ólafur Ingólfsson, starfsmaður Ragnars og Ásgeirs, Jóhann Eiríksson, eigandi J.E. Bilverk og Magni Jens Aðalsteinson, starfsmaður á Fiskmarkaði Snæfellsbæjar. Mikil vinna hefur farið í að halda skógræktarsvæðinu við undanfarin sumar og ef ekki væri fyrir sjálfbóðaliðana og aðra sem veita hjálparhönd væri erfitt að koma öllu þessu í verk með mannskap Skógræktarfélagsins einum saman. Skógræktarsvæðið er falin paradís í Ólafsvík sem ekki allir gera sér grein fyrir að sé til staðar. Er þetta frá-bær staður til að komast í návist við náttúruna og kúpla sig út úr daglegu amstri, vinna á svæðinu hefur gert það aðgengilegt og ætti að vera við flestra hæfi að taka sér göngu í skóginum.

SJ

Grunnskóli Snæfellsbæjar

Skólasetning fimmtudaginn 22. ágúst



Grunnskóli Snæfellsbæjar verður settur fimmtudaginn 22. ágúst. Skólasetning fer fram á sal viðkomandi starfsstöðvar og að því loknu hitta nemendur umsjónarkennara.

- **Kl. 10:00 í 5.-7. bekk í Ólafsvík** (skólabíll fer frá Hellissandi kl. 9:40)
- **Kl. 11:00 í 8.-10. bekk í Ólafsvík** (skólabíll fer frá Hellissandi kl. 10:40)
- **Kl. 12:00 í 2.-4. bekk á Hellissandi** (skólabíll fer frá Ólafsvík kl. 11:40)

Skólabíll leggur af stað frá skóla að loknum skólasetningum.

- **Kl. 14:00 í 1.-10. bekk í Lýsudeild** (þeir sem vilja nýta skólabíla hafi samband við skólabílstjóra)

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar verða boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara.

Kennsla hefst skv. stundarskrá föstudaginn 23. ágúst. Nemendur og forráðamenn geta nálgast stundartöflur á Mentor.

Skólastjóri



SKODA SUPERB STYLE - TIL SÖLU



Ásett verð 5.480.000,-
Upplýsingar í síma 893 5443

- Nýskráður 02/2020
- Ekinn 115.000
- Næsta skoðun 2026
- Dísel - 191 hestafl
- Fjórhjóladrifinn
- Leður

- Rough road pakki
- (hækkaður um 15mm og aukin vörn á undirvagni)
- Sjálfskipting 7 girar
- Niðurfellanlegt dráttarbeisli
- Adaptive cruise control

- LED aðalljós
- Sjálfvirk há/lág aðalljós
- Rafdrifin lok farangursrýmis
- Rafdrifin framsæti með hita
- Lykillaus aðgengi
- Lykillaus ræsing

- Fjarlægðarskynjarar aftan og framan
- Bakkmyndavél
- ISOFIX festingar í aftursætum
- Sumar og vetrardekk
- og margt fleira